

**Nd.**

## **66. Frumvarp til laga**

um húsmæðrafræðslu.

Flm.: Steingrímur Steinþórsson.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra hefir yfirstjórn allrar húsmæðrafræðslu í landinu.

2. gr.

Húsmæðraskólar í sveit, sem fullnægja ákvæðum þessara laga, skulu viðurkendir og styrktir af ríkinu.

### **I. KAFLI**

#### **Um húsmæðraskóla í sveitum.**

3. gr.

Ríkið viðurkennir og styrkir húsmæðraskóla á eftirtöldum stöðum: Hallormsstað í Suður-Múlasýslu, Laugum í Suður-Þingeyjarsýslu, Laugalandi í Eyjafjarðarsýslu, Blönduósi í Húnavatnssýslu, Staðarfelli í Dalasýslu, Laugarvatni í Árnesýslu og Reykholti í Borgarfjarðarsýslu.

Skólar þessir, og aðrir, er síðar kunna að verða stofnaðir, skulu vera sjálfseignarstofnanir eða eign héraða og sýslufélaga til að geta öðlazi réttindi og skyldur þessara laga. Skólar þessir geta verið deildir við héraðsskóla með sérstökum fjárhag.

4. gr.

Tilgangur skólanna er að styðja uppeldi ungra kvenna á þjóðlegum grundvelli og veita nemendum hagkvæma kunnáttu fyrir lífið, sérstaklega í öllu því, er lýtur að heimilisstörfum.

5. gr.

Nemendur skulu eigi vera yngri en 16 ára. Heimilt er forstöðukonu, í samráði við skólaráð, að veita undanþágu frá þessu ákvæði, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Hver nemandi skal njóta minnst 7 mánaða fræðslu, en námstími má vera allt að 14 mánuðir. Lengd námstímans og skipulag kennslunnar í hverjum skóla skal á grundvelli þessara laga ákveðið í reglugerð, er landbúnaðarráðherra staðfestir.

7. gr.

Í húsmæðraskólum skal kenna bæði verklegar og bóklegar greinir.

Verklegar námsgreinir eru, eftir því sem við verður komið: Matreiðsla, hústjórn, þvottur, ræsting, vefnaður, handavinna, garðyrkja, hirðing húsdýra, íþróttir og „hjálp í viðlögum“. — Bóklegar námsgreinir skulu vera þessar, að svo miklu leyti sem auðið er: Íslenzka, matarefnafræði, heilsufræði, reikningur, bókfærsla, uppeldisfræði, barnasálarfræði og meðferð ungbarna, söngur.

8. gr.

Hverjum skóla stjórnar þriggja manna skólaráð, sem skipað er til 4 ára. Landbúnaðarráðherra tilnefnir 1 mann, og er hann formaður. Hinir 2 skulu tilnefndir af þeim aðiljum, er að dómi landbúnaðarráðherra teljast stofnendur skólans. Sé kvenfélagasamband í héraðinu, skal það velja 1 mann í skólaráðið. — Sé húsmæðraskólinn deild af héraðsskóla, skal kvenfélagasamband hlutaðeigandi héraðs velja tvo skólaráðsmenn, sem taka sæti í skólaráði héraðsskólans í sérmálum húsmæðraskólans, enda hafi slíkur húsmæðraskóli ekki annað skólaráð.

9. gr.

Helztu störf skólaráðs eru þessi:

1. að hafa á hendi alla yfirstjórn skólans,
2. að ákveða tölu kennara og ráða forstöðukonu,
3. að hafa yfirumsjón með öllum fjármálum skólans.

10. gr.

Ríkissjóður styrkir húsmæðraskóla eftir þessum reglum:

1. Fyrir allt að 15 reglulega nemendur greiðast 6750 kr.
2. Fyrir hvern reglulegan nemanda, sem þar er umfram, greiðast 400 kr. — Auk þess má veita hverjum skóla sérstaka upphæð til styrktar fátækum nemendum.

Nú á skóli arðberandi eignir, þegar lög þessi ganga í gildi, sem geta orðið til stuðnings við rekstur skólans, og er þá heimilt að lækka framlag ríkissjóðs í samráði við skólaráð, en þó eigi meira en svo, að rekstrartekjur skólans verði samþæfilegar við tekjur hliðstæðra skóla.

Verði einhver óviðráðanleg atvik þess valdandi, að nemendatalan lækki óeðlilega mikið um stundarsakir við einhvern skóla, úrskurðar ráðherra, hvern styrk skólinn skuli hafa það ár.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir helming alls stofnkostnaðar, eftir því sem fé er veitt í fjárlögum.

12. gr.

Nemendur greiða ekkert skólagjald.

13. gr.

Nú er haldið námskeið við húsmæðraskóla samkvæmt staðfestri reglugerð, og skal þá greiða 10 krónur úr ríkissjóði fyrir vikukennslu hvers nemanda, enda sé lögð aðaláherzla á verklegar námsgreinir.

## II. KAFLI

### Um húsmæðrakennarskóla.

#### 14. gr.

Stofna skal húsmæðrakennarskóla með tveim ársdeildum að Laugarvatni, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum og samkomulag hefir fengizt milli landbúnaðarráðherra og skólanefndar héraðsskólans um rekstraraðstöðu húsmæðrakennarskólans.

#### 15. gr.

Í hvorri ársdeild mega ekki vera yfir 12 nemendur.

Starf þessa húsmæðrakennarskóla skal vera að undirbúa nemendur sína til að vera forstöðukonur og kennslukonur við húsmæðraskóla eða matreiðslunám-skeið, og erindrekar fyrir kvenfélagasambönd og stærri kvenfélög.

Inntökuskilyrði fyrir kennslukonuefnin í fyrri deild skulu vera þessi: 1. Umsækjandi sé fullra 18 ára að aldri. 2. Hafi glögg skilríki um góða heilsu og reglu-semi. 3. Hafi gegnt venjulegum hússtörfum á myndarlegu heimili í eitt ár. 4. Hafi almenna bóklega menntun sem svarar burtfararprófi frá héraðs- eða gagnfræðaskóla. 5. Hafi lokið eins vetrar námi með góðum vitnisburði á viðurkenndum húsmæðraskóla.

Landbúnaðarráðherra ákveður með reglugerð skipulag kennslunnar, skiptingu skólans í deildir, tölu kennara, próf og annað, sem starfi skólans viðkemur.

#### 16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1938.

### Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi að tilhlutun landbúnaðarráðherra, sem hafði þá látið undirbúa það. Er það enn flutt samkvæmt tilmælum ráðherrans. Alþingi hefir borizt erindi frá stjórn austfirzkra kvenna, þar sem óskað er nokkurra breytinga á frv. Verða þær tillögur að sjálfstöðu athugaðar í þeirri nefnd, er fær frv. til meðferðar.

Þegar frv. var flutt á síðasta þingi, fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„I.

Hér á landi eru engin ákvæði í lögum um húsmæðrafræðslu né styrk til hennar. Byggingarstyrkur hefir verið greiddur eftir sömu reglum og gilda héraðsskólana, en styrkur til annara bygginga en skólahúss hefir annaðhvort verið enginn eða miklu lægri. Framlag til kaupa á innanstokksmunum og áhöldum hefir ekkert verið.

Af þessu hefir leitt, að skólarnir hafa komizt í skuldir vegna stofnkostnaðar, og sumir þeirra skulda mikið. Fjárhagur allra yngri skólanna er erfiður. Rekstrarfé hefir verið veitt hverjum skóla á fjárlögum án nokkurrar reglu. Sýnir reynslan, að það hefir ekki verið nægilegt. Námsstyrkir hafa engir verið veittir.

Þegar borin eru saman fjárframlög og opinber aðstoð við húsmæðra- og bændafræðsluna, er hlutur kvenna miklu lakari. Ríkið hefir rekið 2 bændaskóla í hér um bil aldarþriðjung, en lengst af þeim tíma ekkert skipt sér af fræðslu húsmæðrana. Það hefir reist og útbúið bændaskólana að öllu leyti. Héruð og einstaklingar hafa reist og útbúið húsmæðraskólana; hafa greinileg vanefni komið fram í framlögum til stofnkostnaðar, sem skapar sumum skólunum fjárhagslega erfiðleika um langan tíma, því meira og minna af stofnkostnaðinum hefir færzt yfir á skólana sjálfa. Nemendur bændaskólanna hafa haft fría kennslu. Nemendur húsmæðraskólanna hafa orðið að greiða frá 50—100 krónur í skólagjöld árlega. Piltum hefir verið greitt kaup við verklega námið, en stúlkur orðið að borga með sér.

Eftirfarandi yfirlit sýnir framlög ríkisins fyrir hvern nemanda á árunum 1933—36 við eftirtalda skóla (nem. eru taldir að hausti hvers árs frá byrjun skólaársins):

Á Hólum .....	kr. 523
— Hvanneyri .....	— 515
— Blönduósi .....	— 410
— Laugum .....	— 333
— Hallormsstað .....	— 296

Árið 1936 eru framlög ríkisins á hvern nemanda við húsmæðraskólana þrjá sem næst 350 krónur.

Í þessu sambandi má geta þess, að framlag ríkisins á hvern nemanda við ýmsa ríkisskóla hefir verið á sama tíma nálægt 500 krónum. Við suma dálitið undir og við aðra dálitið yfir. Við háskólann er framlagið um 890 krónur fyrir hvern nemanda.

Við þessar athuganir kemur til álita, hvort ekki beri að gera einhverja eða alla húsmæðraskólana að ríkisskólum og bæta aðstöðumuninn á þann hátt. Að þessu sinni verður það ekki lagt til. En hitt þykir sjálfsgagt, að bæta aðstöðumuninn hjá skólunum. Er því gengið inn á þá leið, sem farin er í nágrannalöndunum, að setja viss skilyrði um starfsreglur og úthluta styrk eftir ákveðnum reglum.

Ekki þykir fært að svo komnu máli að hafa mismunandi tillag til skólanna, sem miðað er við starfshætti hvers fyrir sig. Það skal þó viðurkennt, að hinn lengri námstími verður að teljast fullkomnara fyrirkomulag, því allt vandað verklegt nám er tímafrekt. Nægir í því sambandi að benda á námstíma iðnaðarmanna, sem er mörg ár í hverri iðngrein, og þá viðleitni, sem nú er gerð til að lengja verklega námið við bændaskólana.

Þetta frumvarp stefnir að eftirtöldum umbótum frá því, sem verið hefir:

1. að ákveða viss skilyrði fyrir styrkveitingu til húsmæðrafræðslu.
2. að bæta aðstöðu stúlkna til að afla sér húsmæðrafræðslu og þar með undirstrika nauðsyn þess náms. Þetta er gert með því að fella niður skólagjöldin og að hækka framlag ríkisins, svo að fjárhagur skólanna versni yfirleitt ekki frá því, sem er, og að veita stúlkum ofurlitinn beinan námsstyrk.
3. að koma á fót sérmenntaðri kennslukonustétt, sem fái menntun sína í landinu og þar af leiðandi sniðna eftir þörfum þjóðarinnar.

Loks skal gerð grein fyrir útgjaldaauka ríkissjóðs til hvers skóla og í heild. Einnig hver áhrif þessi breyting hefir á fjárhag hvers skóla frá því, sem nú er. Miðað er við fjárlög ársins 1937.

Frumstyrkurinn er kr. 450.00 fyrir fyrstu 15 nemendurna og kr. 400.00 fyrir þá, sem þar eru fram yfir. Námsstyrkurinn er ný, sérstök og óákveðin upphæð og því ekki tekin með í þetta yfirlit.

	Nem.	Ríkisframl.	Verður	Hækkun	
1. Hallormsstaður .....	24	kr. 9500	kr. 10350	+ 850	÷1550
2. Laugar .....	15	— 5500	— 6750	+1250	+ 500
3. Blönduós .....	32	— 11000	— 13550	+2550	+ 630
	Alls 71	kr. 26000	kr. 30650	+4650	
4. Laugaland .....	28	— 9800	— 11950	+2150	+ 750
5. Staðarfell .....	15	— 5250	— 6750	+1500	+ 600
	Alls 114	kr. 41050	kr. 49350	+8300	

Skólarnir Laugaland og Staðarfell eru ekki teknir á fjárlög 1937, en eru reiknaðir með 350 kr. framlagi á nemanda í fyrsta dálki, sem nú er hér um bil meðaltala. Hallormsstaður er eini skólinn, sem hefir haft stöðug vornámskeið. Nemendur

vornámskeiðanna eru umreiknaðir í fasta nemendur eftir vikum, þegar meðaltölurnar eru fundnar.

Síðasti dálkur sýnir hagnað og tap skólasjóðanna, þegar skólagjöldin eru dregin frá hinu aukna ríkissjóðstillagi.

Verður breytingin öllum skólunum í vil, nema Hallormsstað; þar hafa skólagjöldin verið langhæst. Allar eru hækkanir þessar nauðsynlegar vegna fjárhags skólanna.

## II.

### Ágrip af sögu kvennaskóla á Íslandi og yfirlit um húsmæðrafræðslu á Norðurlöndum.

Kvennaskólinn í Reykjavík tók til starfa 1. október 1874. Forstöðukona var frú Thora Melsted. Veitti hún skólanum forstöðu til 14. maí 1906. Þá tók núverandi forstöðukona, frk. Ingihjörg H. Bjarnason, við forstöðunni. Kvennaskólinn á Laugalandi var stofnaður árið 1876, mest fyrir atbeina Eggerts Gunnarssonar og frú Valgerðar Þorsteinsdóttur. Var hún forstöðukona til ársins 1895. Það ár fluttist skólinn til Akureyrar og starfaði þar í nokkur ár.

Eyfirðingar keyptu skólann 1880.

Kvennaskóli Skagfirðinga var stofnaður 1877. Var hann á ýmsum stöðum í héraðinu unz hann var sameinaður kvennaskóla Húnavetninga árið 1883.

Kvennaskóli Húnavetninga var stofnaður árið 1879. Var hann fyrst á ýmsum stöðum, en sameinaðist kvennaskóla Skagfirðinga 1883, eins og áður er sagt.

Hinn sameinaði skóli starfaði á Ytri-Ey í Húnavatnssýslu þangað til um aldamót, að hann var fluttur að Blönduósi, og hefir hann verið þar síðan.

Á öllum þessum skólum var bæði verkleg og bókleg kennsla. Aðalkennslugreinar voru: matreiðsla, hússtjórn, þvottur og saumar.

Allir voru skólarnir upphaflega einkafyrirtæki, sem brátt fengu styrk úr sýslu- og amtssjóðum og síðan frá ríkinu. Styrkti það norðlenzku skólana með 200 krónum hvern, en Reykjavíkurskólann eitthvað meira.

Kennsla í mjólkurfræði byrjaði á Hvanneyri árið 1900. Síðan var skólinn fluttur að Hvítárvöllum og starfaði þar í mörg ár.

Árið 1897 setti frú Elin Briem Jónsson á fót hússtjórnarskólann í Reykjavík. Skólanum var skipt í 4 þriggja mánaða námskeið. 1901 tók Búnaðarfélag Íslands við honum og rak hann til 1907; þá afhenti það forstöðukonunni, frk. Hólmfríði Gísladóttur, skólann, sem hélt honum uppi um langt skeið.

1909 tók hússtjórnardeild kvennaskólans í Reykjavík til starfa í hinu nýja skólahúsi. Voru árlega haldin 2 námskeið, er stóðu í 4½ mánuð hvert. Nemendur voru 12 á hverju námskeiði.

Á síðustu árum hefir þátttaka ekki verið nægileg, svo annað eða bæði námskeiðin hafa fallið niður.

Matreiðsla, hússtjórn, þvottur og ræsting voru aðalnámsgreinarnar.

1912 stofnaði kvenfélagið Ósk á Ísafirði húsmæðraskóla. Hann lagðist niður á stríðsárunum, en tók aftur til starfa 1924. Árlega eru haldin 2 námskeið, og tekur hvert þeirra 16 nemendur.

Aðalnámsgreinar: matreiðsla og hússtjórn, þvottur og ræsting.

Á árunum 1908—1917 voru haldin húsmæðranámskeið á vegum Ræktunarfélags Norðurlands á Akureyri. Stýrði frk. Jóninna Sigurðardóttir frá Draflastöðum þeim.

Á Knarrarbergi við Eyjafjörð hefir frú Guðrún Björnsdóttir haldið uppi húsmæðra- og garðyrkjukennslu um nokkur ár, en nú er sú starfsemi lögð niður.

Frá árinu 1904 hefir verið haldið uppi af kvenfélögum og búnaðarsamböndum umferðakennslu í matreiðslu og garðrækt í öllum landsfjórðungum. Í matreiðslu eru haldin stutt námskeið, en í garðyrkju er kennari sendur heim á bæina.

Erlendis er umferðakennslan styrkt með sérstökum fjárveitingum frá ríkinu. Hér virðist hentara að styrkja þessa kennslu með fjárveitingum gegnum kvenfélaga-samböndin og búnaðarsamböndin.

Í vetur starfa húsmæðraskólarnir á Hallormsstað, Laugum og Blönduósi. Af þessum skólum er Blönduósskólinn elztur. Lengi starfaði hann sem tveggja vetra kvennaskóli, en hefir verið breytt í eins vetrar húsmæðraskóla.

Eigendur: Húnavatnssýslur.

5 manna skólaráð kosið af sýslunefndum A.- og V.-Húnavatnssýslu.

Skólaárið frá 15. september til 25. júní. Rúmar 32 nemendur. Skólagjald 60 kr.

Verkleg kennsla 24—48 st. á viku. Kennt: matreiðsla og hússtjórn, þvottur, ræsting, vefnaður, handavinna og garðrækt.

Bóklegar námsgreinar: íslenska, reikningur, danska, 12 st. á viku. Einnig er kenndur söngur og leikfimi.

Í vetur hófust framhaldsnámskeið í vefnaði, handavinnu og matreiðslu; hver námsgrein er sjálfstætt námskeið.

Forstöðukona og 3 fastir kennarar. Einhver aukakennsla keypt.

Húsmæðraskólinn á Staðarfelli tók til starfa haustið 1927. Hann á Staðarfells- eignina og hefir verið rekinn af sjóði frú Herdisar Benediktsson.

Skólaárið er frá 15. september til júniloka. Skólagjald 60 kr. Ætlað að taka 12—15 nemendur. Forstöðukona og 1 fastur kennari. Aukakennsla keypt.

Verklegar námsgreinar: matreiðsla og hússtjórn, þvottur, ræsting, mjólkur- meðferð, garðyrkja og hannyrðir.

Bóklegar námsgreinar: íslenska, reikningur, næringarefnafræði, eðlisfræði, heilsufræði, húsdýrafræði, þjóðfélagsfræði og garðyrkja.

Húsmæðraskólinn á Laugum tók til starfa 18. nóvember 1929.

Sjálfseignarstofnun.

Rúmar 15 nemendur.

Priggja manna skólaráð: 1 skipaður af ríkisstjórninni, 1 af kvennasambandi Þingeyinga og 1 af sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu. Skólagjald 50 kr.

Forstöðukona og 1 fastur kennari. Aukakennsla keypt að.

Skólaárið 1. október til 30. apríl.

Gerir ráð fyrir 6 vikna vornámskeiði, sem aðeins hefir starfað einu sinni.

Verkleg kennsla: matreiðsla, þvottur, ræsting, vefnaður og handavinna. 36 st. á viku. Bókleg kennsla: íslenska, reikningur, matarefnafræði, söngur, 6 st. á viku.

Síðari árin starfar skólinn að mestu út af fyrir sig og sækir mjög litla kennslu til alþýðuskólans.

Húsmæðraskólinn á Hallormsstað tók til starfa 1. nóvember 1930. 1927—1930 hafði frú Sigrún Blöndal rekið handavinnuskóla í Mjóanesi; settust nú nemendur hennar í efri deild skólans.

Sjálfseignarstofnun.

Priggja manna skólaráð: 1 skipaður af ríkisstjórninni, 1 af sambandi austfirzkra kvenna og 1 af Búnaðarsambandi Austurlands.

Rúmar 24 nemendur. Skólagjald 60 kr., húsaleigugjald 40 kr. = 100.00 kr.

1 forstöðukona og 2 fastir kennarar. Kaupir nokkra aukakennslu.

Námstíminn 2 vetur: Yngri deild frá veturnóttum til aprílloka. Eldri deild frá 20. september til aprílloka.

4 sjálfstæð 6 vikna námskeið að vorinu í: matreiðslu, vefnaði, handavinnu og garðrækt.

Verklegar námsgreinar: matreiðsla, hússtjórn, þvottur, ræsting, vefnaður, handavinna, 30 st. í yngri deild og 36 st. í eldri deild.

Bóklegar námsgreinar: íslenska og íslenskar bókmenntir, 8 st. á viku hvern vetur, reikningur, heilsufræði, matarefnafræði, fæðuefnareikningur, vefjarfræði, danska, 24 st. á viku.

Húsmæðraskólinn á Laugalandi er ekki tekinn til starfa. Rúmar 28 nemendur. Skólagjald 50 kr. Eigandi Eyjafjarðarsýslu.

Priggja manna skólaráð. 1 skipaður af ríkisstjórninni, 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu og 1 af sambandi eyfirzkra kvenna.

Skólaárið ákveðið fyrst um sinn frá 1. október til 30. apríl.  
Gert ráð fyrir 6 vikna námskeiðum að vorinu.  
Forstöðukona og 2 fastar kennslukonur.  
Verkleg kennsla: matreiðsla, þvottur og ræsting, vefnaður, handavinna og leikfimi.  
Bóklegar námsgreinar: islenzka, reikningur, heilsufræði, matarefnafræði.

#### Um húsmæðrafræðslu á Norðurlöndum.

Í Danmörku eru engir opinberir húsmæðraskólar.  
Fyrsti skólinn var stofnaður 1877.  
Síðan um aldamót hefir skólum fjölgað talsvert. Flestir eru þeir með líku sniði.  
Venjulega 5 mánaða námskeið og annað þriggja mánaða. Aðalfög: matreiðsla, þvottur, ræsting og þess háttar.  
Kvöldnámskeið og umferðakennsla er talsvert almenn.  
Húsmæðrakennsluskólarnir eru þrír.  
Allir eru skólarnir einkafyrirtæki, eign einstaklinga eða félaga. Viðurkenning er oft bundin við nafn, og verður að leita nýrrar viðurkenningar, ef mannaskipti verða við skólann.

Ríkið styrkir skólana samkvæmt lögum frá 31. marz 1931.  
Í núgildandi fjárlögum eru veittar kr. 20.100.00 til húsmæðrafræðslu. Skiptist styrkurinn þannig, að skólarnir sjálfir fái 109 þúsundir, en 95 þúsundir eru ætlaðar sem námsstyrkur handa efnalitlum nemendum.

- Til þess að skóli geti notið ríkisstyrks þarf hann að uppfylla eftirtöld skilyrði:
1. að skólareglugerð og forstöðukona séu viðurkennd af kennslumálaráðuneytinu.
  2. að skólinn lúti eftirliti kennslumálaráðuneytisins.
  3. að skólinn hafi 2 námskeið, sem standa 5 og 3 mánuði. Þó má viðurkenna skóla með 1 námskeiði.
  4. að skólinn uppfylli vissar kröfur um nemendafjölda.

Fjárstyrkur er veittur eftir þessum reglum:

1. Fastur styrkur til hvers skóla 500 krónur.
2. 50% af kaupi kennara eftir nánar tilteknum reglum um launagreiðslur sveitakennara.
3. 20% af kaupi forstöðukonu sem kennslukonu hækkandi upp í næstu 500 og 1000 krónur.
4. 35% af kostnaði við kennsluefni — Undervisningsmateriale.
5. 10% af byggingarkostnaði eða ákveðinn húsaleigustyrk.

Allt að helmingi nemenda á hverju námskeiði er veittur 35 króna námsstyrkur á mánuði.

Ekki má veita styrk fyrir nemendur, sem eru yngri en 18 ára.

Fyrsti húsmæðraskóli Norðmanna var stofnaður 1865.

Á næstu árum risu upp amtsskólar, aðallega vestan fjalls.

Eftir 1880 tók Selskapet for Norges Vel að hafa afskipti af húsmæðrafræðslunni. Félagið stofnaði 2 tilraunaskóla til að finna hentugt fyrirkomulag. Annar skólinn hafði bæði verklega og bóklega fræðslu, en hinn eingöngu verklega kennslu. Verklegi skólinn lagðist niður eftir 2 ár, en hinn starfaði til 1917. Nemendur heimtuðu strax bóklega kennslu samhliða.

Flestir skólar, er styrks nutu, voru 1 árs skólar. Nemendatala 10 –12.

Árið 1898 skipaði ríkið nefnd til að athuga búnaðarmálin. Komst hún meðal annars að þeirri niðurstöðu, að mikið misrétti ætti sér stað milli fjárframlaga til húsmæðra- og bændafræðslu og væru konur beittar miklum órétti.

Amísskólunum var breytt þannig, að haldin voru 2—5 mánaða námskeið á ári. Þá voru stofnaðir hreppa- og bæjahúsmæðraskólar, og kom til mála að skylda allar 18 ára stúlkur til að sækja einhvern húsmæðraskóla. Norðmenn eiga að minnsta kosti 1 vandaðan húsmæðrakennaraskóla.

Ríkið styrkir húsmæðraskóla að  $\frac{3}{4}$ , gegn  $\frac{1}{4}$  annarsstaðar að, samkv. reglugerð frá 1920, og eru þetta helztu skilyrðin:

1. Reglugerðin skal vera staðfest af landbúnaðarráðherra.
2. Krafa um vissan húsakost og helzt að dálítið bú sé rekið í sambandi við skólann.
3. Vissar kröfur um menntun forstöðukonu og matreiðslukennarapróf og samþykki ráðherra um ráðningu og uppsögn forstöðu- og kennslukonu.
4. Ráðuneytinu sé árlega send skýrsla um skólann.
5. Áætlun um tekjur og gjöld fylgi fjárumsóknum.

Ríkisstyrkurinn er veittur eftir þessum reglum:

1. Öll laun forstöðukonu og fastra kennara og timakennara, og  $\frac{3}{4}$  af kaupmi fólks, er vinnur við húsið.
2. Til hita, lýsingar og ræstingar 40 krónur fyrir hvern nemanda, sem býr á skólanum.
3. 21 króna í fæðispeninga fyrir hvern nemanda, sem býr á skólanum, og 9 kr. fyrir þá, sem húa utanskóla.
4. Kostnaður við innkaup og viðhald á kennsluáhöldum og efni — undervisningsmateriale.
5. Styrkur til meðala og læknishjálpar, skrifstofu og prófkostnaðar samkv. gildandi reglum í viðkomandi fylki.
6. Ferðakostnaður handa forstöðu- og kennslukonu, þegar þær eru á fyrirlestra- eða sýningarferðum.

Verkleg kennsla og heimilisstörf, vefnaður, handavinna, skepnuhirðing og garðrækt. Margar bóklegar námsgreinar, en þeim hefir orðið að fækka á 5 manna námskeiðum.

Það er sögð almenn óánægja meðal kennara húsmæðraskólanna yfir hinum stutta námstíma, og þeir óski, að a. m. k. 1 tíu mánaða skóli væri í hverju fylki til að fullnægja þörf þeirra, er vilja fá staðbætri fræðslu.

Sviar fara ekki að sinna húsmæðrafræðslunni fyrr en á þessari öld. Húsmæðraskólar þeirra eru aðallega stofnaðir síðan 1910. Hefir þeim hraðfjölgad. Venjulega hafa skólarnir annaðhvort tvö  $5\frac{1}{2}$  mánaða námskeið eða þrjú styttri,  $3\frac{1}{2}$  mánaðar.

Aðalnámsgreinar eru: matreiðsla, þvottur, ræsting, mjólkurmeðferð, fjósaverk, alifuglahirðing, garðyrkja og smíðar.

Bókleg kennsla: matarfræði, heilsufræði, mjólkurfræði, hagfræði og bókfærsla, húsdýrafræði, garðrækt, vefnaður og saumafræði o. fl.

Ríkið styrkir að minnsta kosti einn húsmæðrakennaraskóla.

Auglýsing um styrkveitingu til húsmæðrafræðslu er frá 12. des. 1919 og hafa síðar verið gerðir ýmsir viðaukar, einkum launabætur.

Samkvæmt ofangreindri reglugerð eru þetta helztu skilyrði fyrir styrkveitingum:

1. að umsjónarmaður húsmæðraskólanna eða stjórn búnaðarsambands viðurkenni nauðsyn skólans í héraðinu.
2. krafa um lágmarkskennslutíma samkv. þar um settum reglum.
3. að nemendur séu ekki færri en 12 og ekki fleiri en 24. Konungur getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði.
4. krafa um ákveðin fjárframlög frá héraðinu, þar með talin kennslugjöld nemenda, sem er rúmlega  $\frac{1}{4}$  á móti framlagi ríkisins.
5. fyrir hverjar 1000 krónur, sem ríkið veitir í styrk til námskeiðsins, fái einn nemandi ókeypis skólavist eða tveir hálfan dvalarkostnað.
6. að skólinn hafi að minnsta kosti einn fastan kennara auk forstöðukonu.

Ennfremur eru ýms ákvæði um launabætur kennara og eftirlit ríkisins með skólanum.

Fjárframlög ríkisins eru þannig:

1. Til skóla með lengri námskeiðum:
  - a. fyrra námskeiðið kr. 4500.00,



b. seinna námskeiðið kr. 3600.00.

Þar af fast tillag 2250 krónur fyrir hvort námskeið.

2. Til skóla með styttri námskeiðunum:

a. fyrsta námskeiðið kr. 3200.00,

b. annað námskeiðið kr. 2600.00,

c. þriðja námskeiðið kr. 2000.00.

Þar af 1500 kr. fast tillag fyrir hvert námskeið.

Að auki eru launabætur fyrir kennarana samkv. sérstökum auglýsingum. 1935 voru öll framlögin hækkuð nokkuð.“